

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. október 2018.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum, þskj. 25, 25. mál.


Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Af því tilefni bendir skrifstofan á að samkvæmt 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var með lögum nr. 19/2013, á barn rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og er því mikilvægt að þess sé gætt að barn sé sem mestum samvistum við báða foreldra að því gefnu að það sé barninu fyrir bestu.

MRSÍ veltir fyrir sér hvort tvöföld lögheimilisskráning sé til þess fallin að vernda réttindi barna eða hvort með slíkri skráningu sé fyrst og fremst verið að jafna stöðu foreldra. Að því sögðu bendir skrifstofan þó á, eins og talsvert hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu, að gera þarf báðum foreldrum kleift að gegna sínum skyldum gagnvart barni sínu. Svo dæmi sé nefnt þá á barn með fötlun aðeins vöð á hjálpartækjum og stuðningi inn á heimili lögheimilisforeldris en ekki beggja foreldra. Ætla má að þessi staða takmarki rétt barna með fötlun til þess að umgangast báða foreldra sína.

MRSÍ bendir og á að foreldrar með sameiginlega forsjá eru ekki alltaf sammála um öll atriði er varða börn þeirra og því geldur skrifstofan varhuga við því að fella á brott þann möguleika að annað foreldrið geti tekið ákvarðanir sem varða daglegt líf barnsins þegar ósamkomulag er milli foreldra hvað það varðar. Gæta þarf hagsmuna barnsins í hvítvetna og tryggja að ósamkomulag foreldra bitni ekki á því.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands



Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri